FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Tilvera með áherslu á átthagafræði
Námsgrein:	Tilveran
Viðfangsefni:	Átthagafræði
Skammstöfun:	TILV1ÁF02
Þrep:	1
Einingafjöldi:	2
Lýsing:	Í áfanganum er nemendum ætlað að kynnast nærumhverfi sínu. Áhersla verður lögð á staðhætti, náttúru, atvinnulíf og sjáfbærni í nærumhvefinu.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Staðháttum, heitum, örnefnum í nánasta umhverfi. • Helstu þáttum atvinnulífs og afkomumöguleikum í heimabyggð • Samspili manns og umhverfis, áhrifum gjörða mannsins á náttúruna.
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Afla sér upplýsinga um hvaðeina í nærumhverfi og heimfæra á aðstæður í víðara samhengi. • Setja fram upplýsingar á fjölbreyttan hátt. • Greina ógnir og tækifæri í samskiptum manns og náttúru.
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Geta leiðsagt gestum og gangandi um það sem fyrir augu ber í nánasta umhverfi. • Geta útlistað á hverju afkoma og tilvera nærsamfélagsins byggist. • Greina ógnir og tækifæri í samskiptum manns og náttúru.
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.